

sé um meiri háttar óvildarhug að ræða af hálfu Jóns, og verður ekki séð, að þetta atriði geti orkað því, að Jóni verði meinuð heitvinning að vitnaframburði sínum. Ber því að gefa Jóni Erlendssyni kost á að vinna heit það, sem krafizt hefur verið, að hann ynni.

Þvi úrskurðast:

Vitninu Jóni Erlendssyni, Öldugötu 57, heimilast að staðfesta með eiði eða drengskaparheiti framburð sinn, gefinn í fógetarétti Reykjavíkur hinn 13. nóvember 1950.

Miðvikudaginn 24. janúar 1951.

Nr. 168/1950. **Ákærvaldið** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Ásmundi Pálssyni og

Halldóri Pálssyni (Ragnar Jónsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn lögum um iðju og iðnað.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til raka héraðsdóms verður að fallast á, að ákærðu hafi gerzt sekir við þau lagaákvæði, sem þar greinir. Þegar litið er til málavaxta, svo sem leikni ákærðu og kunnáttu í starfa þeirra, þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað hvorrar sektar, verði hún ekki greidd innan 2 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 800 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærðu, Ásmundur Pálsson og Halldór Pálsson, greiði hvor um sig 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað hvorrar sektar, ef hún verður ekki greidd innan 2 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestist.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Ragnars Ólafssonar og Ragnars Jónssonar, 800 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 17. nóv. 1950.

Ár 1950, föstudaginn 17. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Loga Einarssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4365—4366/1950: Ákærvaldið gegn Ásmundi Pálssyni og Halldóri Pálssyni, sem tekið var til dóms 24. október s.l.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Ásmundi Pálssyni bílavíðgerðarmanni, Laugarnesvegi 48, og Halldóri Pálssyni verkamanni, Hátúni 13, til refsingar og greiðslu málskostnaðar fyrir brot gegn lögum nr. 18 31. maí 1927 um iðju og iðnað, sbr. lög nr. 105 23. júní 1936 um breyting á lögum nr. 18. 31. maí 1927 og lögum nr. 85 19. júní 1933 um breyting á nefndum lögum nr. 18 31. maí 1927.

Báðir eru ákærðu komnir yfir lögaldur sakamanna, fæddir að Syðri-Steinsmýri í Leiðvallahreppi, ákærði Halldór 20. apríl 1912, og hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu fyrr, svo að kunnugt sé, en ákærði Ásmundur er fæddur 20. febrúar 1915. Hinn 22. marz 1949 sætti hann í Reykjavík áminningu fyrir brot gegn 10. sbr. 28. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík. Að öðru leyti hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Verður nú greint frá málavöxtum:

Með bréfi, dagsettu 7. október 1949, kærði félag bifvélavirkja yfir því, að ákærðu rækju bifreiðavíðgerðaverkstæði að Laugarnesvegi 48 hér í bæ án þess að hafa iðnréttindi í bifvélavirkjun. Ákærðu skýra svo frá, að þeir hafi frá því á árinu 1947 rekið bifreiðaverkstæði að Laugarnesvegi 48 án þess að hafa nokkur iðnréttindi, en þeir segjast hvorki hafa unnið við víðgerðir á bifvélahreyflum né undirvögnum bifreiða, heldur eingöngu við réttingar og viðhald á yfirbyggingu bifreiða, þar með talnn málning.

Þá segjast þeir einnig hafa lítillaga fengizt við lagfæringu á klæðningum innan í bifreiðum, en þó sé það ekki teljandi.

Sigurjón Pétursson, framkvæmdastjóri fyrir bifreiðaverkstæðinu Ræsi h/f hér í bæ, til heimilis að Víðimel 47, skýrir svo frá, að yfirmaður allra deilda verkstæðisins nema málningardeildar sé meistari í bifvélavirkjun. Á aðalverkstæðinu sé aðallega unnið við vélaviðgerðir ásamt viðgerðum á undirvögnum bifreiða o. fl., en í kjallara sé unnið við réttingar á yfirbyggingum bifreiða, og þar sé maður, óiðnlærður, undir yfirstjórn fyrrgreinds meistara forstöðumaður, sem unnið hafi við þessi störf um ellefu ára skeið, en enginn bifvélavirki vinni í þessari deild verkstæðisins.

Á bifvélaverkstæðinu segir Sigurjón vinnuna aðallega fólga í viðgerðum með aðfluttum varahlutum, en þó sé nokkuð fengizt við nýsmíði, t. d. renndir boltar, rær o. fl., enda vinni við þessi störf hjá fyrirtækinu meistari í rennismíði.

Í réttingaverkstæðinu segir Sigurjón, að stundum hafi verið smíðaðar hálfar bifreiðahurðir eða hluti í slíkar hurðir og skeytt við þann hlutann, sem heill hafi verið, og sama sé að segja, að því er aurbretti varðar.

Þá hefur hann getið þess, að það sé munnlegt samkomulag milli stjórnar félags bifvélavirkja og eigenda bifvélaviðgerðaverkstæða, að þar megi ófaglærðir menn vinna undir yfirstjórn meistara í iðninni, meðan skortur er á sveinum í henni, en bjóði útlærður bifvélavirki vinnu sína, sé hann ráðinn til starfa á viðkomandi verkstæði og ófaglærðum manni sagt starfinu upp.

Framangreint samkomulag kveður hann eigi vera tímabundið, heldur sé því ætlað að gilda, á meðan skortur sé á faglærðum mönnum í iðngreininni.

Umsagnar Iðnráðs Reykjavíkur var leitað um starfsemi ákærðu, og telur það, að um ótvírætt brot sé að ræða hjá ákærðu.

Í reglugerð um iðnaðarnám nr. 38 29. marz 1941 segir svo í 1. gr., að námstími iðnnema í bifvélavirkjun skuli vera 4 ár. Í 13. gr. reglugerðarinnar segir svo í 2. tl. K lið, að nemandi skuli rétta, bæta og logsjóða aurhlíf og bifreiðarhús. Samkvæmt þessu verður að telja, að réttingar á yfirbyggingum bifreiða falli undir bifvélavirkjun. Hafa ákærðu því gerzt brotlegir við 2. gr. laga nr. 105 23. júní 1936 um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927 um iðju og iðnað, sbr. 1. tl. 27. gr. og 1. mgr. 28. gr. síðast nefndra laga. Þykir refsing þeirra, hvors um sig, með hliðsjón af 1. gr. laga nr. 14 8. marz 1948 um ákvörðun fésekta hæfilega ákveðin 1200 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni hvor um sig sekt sína með varðhaldi í 12 daga, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00.

Dráttur sá, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar af önnum rannsóknardómarans. Rekstur málsins hefur því verið vitalaus.

Dómsorð:

Ákærðu, Ásmundur Pálsson og Halldór Pálsson, sæti hvor um sig 1200 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni hvor um sig sekt sína með varðhaldi í 12 daga, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmans, kr. 500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. janúar 1951.

Nr. 71/1950. **Ákærvaldið** (Sigurður Ólason)

gegn

Sigurði Jóhanni Pétri Þorsteinssyni

(Jón N. Sigurðsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Landhelgisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 800 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Sigurður Jóhann Pétur Þorsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti,